



Til Norðurlandaráðs og fulltrúanna Annette Lind og Gunilla Carlsson

Svar við skriflegri fyrirspurn Norðurlandaráðs E 6/2022

Fyrir hönd flokkahóps jafnaðarmanna í Norðurlandaráði sendu fulltrúarnir Annette Lind og Gunilla Carlsson hinn 24. febrúar 2022 norrænu ríkisstjórnunum skriflega fyrirspurn (E 6/2022). Fyrirspurnin var svohljóðandi:

- *Munu norrænu löndin senda frá sér uppgjör yfir fjárveitingar hvers lands til verkefna sem tengjast umskiptum í loftslagsmálum og, sé þess kostur, sundurliða þau eftir fjárveitingum til mismunandi sviða?*

SVAR:

Fyrir hönd ríkisstjórnanna á Norðurlöndum hefur Noregur í krafti formennsku sinnar í Norrænu ráðherranefndinni árið 2022 útbúið sameiginlegt svar norrænu landanna og er það eftirfarandi:

Loftslagsbreytingar eru ein stærsta áskorun okkar tíma. Við þurfum að mæta þeim með landsbundnum aðgerðum og sameiginlegum skuldbindingum bæði svæðisbundið og á heimsvísu. Á Norðurlöndum vinnum við saman að grænum umskiptum í samfélaginu þar sem við höfum skapað þá sameiginlegu framtíðarsýn að Norðurlönd eigi að verða sjálfbærasta og samþættasta svæði heims. Á formennskutíma Noregs þetta árið setjum við í forgang framkvæmd Framtíðarsýnarinnar okkar 2030 og vinnuna um græn Norðurlönd.

Í Parísarsamningnum höfum við skuldbundið okkur til að halda hækkun á hitastigi vel undir 2 °C miðað við hvernig það var fyrir iðnvæðingu og leitast við að takmarka hækkun hitastigs við 1,5 °C. Norrænu ríkin unnu með virkum hætti að því að ná fram niðurstöðu á loftslagsráðstefnunni COP26 í Glasgow og Norðurlönd njóta mikillar virðingar á alþjóðlegum vettvangi sem svæði sem leggur mikið af mörkum til lausnar á loftslags- og umhverfisvandunum. Með samvinnu í umhverfismálum náum við að stilla saman strengi, skiptast á góðum ráðum og miðla þekkingu sem við getum nýtt við grænu umskiptin. Starfræktir eru norrænir vinnuhópar um m.a. umhverfismál, efnahagsmál, loftslagsmál og hringrásarhagkerfi. Þar fer fram mikilvæg þekkingaröflun. Auk þess eru í gangi stórar sameiginlegar aðgerðir undir merkjum Framtíðarsýnar okkar 2030, m.a. um grænar skipasamgöngur og náttúrumiðaðar lausnir.

Vinnan þarf að fara fram í hverju landi og í hverjum atvinnugeira. Norrænu ríkin eru öll hluti af sameiginlegum markmiðum ESB og EES í loftslagsmálum fyrir árið 2030 og við höfum skuldbundið okkur til aðgerða og stefnumörkunar sem færir loftslagsmarkmið inn á svið stjórnmalanna í hverju landi. Í öllum löndunum er unnið að því að uppfylla skuldbindingar þeirra í loftslagsmálum og

grænum umskiptum í samfélaginu. Hér fyrir neðan er lýsing á því sem gert hefur verið í hverju landi fyrir sig hvað varðar umskipti í loftslagsmálum í fjárlögum landanna.

Danmörk

Í Danmörku hafa verið samþykkt lög um loftslagsmál (Klimatloven) þar sem sett er markmið um að Danmörk skuli hafa dregið úr losun gróðurhúsalofttegunda um 70% árið 2030 samanborið við 1990. Til lengri tíma litið skal Danmörk vera orðin kolefnishlutlaus í síðasta lagi árið 2050. Með lögunum um loftslagsmál er sett fram áætlun í Danmörku sem ríkisstjórnir hverju sinni geta starfað eftir til að ná fram markmiðum í loftslagsmálum.

Ríkisstjórn Danmerkur hefur gert samkomulag við aðra flokka á danska þinginu um grænar skattaáherslur sem skulu leiða til hærri og einfaldari kolefnisskatts. Skipaður hefur verið sérfræðihópur um grænt skattkerfi sem skal gera úttekt fyrir allar starfsgreinar. Vinnan við grænt skattkerfi er enn í gangi.

Í desember 2021 urðu ríkisstjórnin og hópur stjórnsmálaflokka sammála um fjárfestingar í grænni Danmörku (<https://www.regeringen.dk/aktuelt/publikationer-og-aftaletekster/delaftale-om-investeringer-i-et-fortsat-groennere-danmark/>). Hlutasamningurinn er enn einn þáttur af vinnunni við að ná settum loftslagsmarkmiðum. Alls er áætlað að með samningnum verði dregið úr losun gróðurhúsalofttegunda um 0,5 milljónir tonna koldíoxíðs árið 2025 og 0,51 milljón tonna koldíoxíðs árið 2030.

Með hlutasamningnum eru lagðar til hliðar 4 milljónir danskra króna árið 2022, 272,5 milljónir danskra króna árið 2023, 223,3 milljónir danskra króna árið 2024 og 255,9 milljónir danskra króna á ári á árunum 2025–2032 til tæknihlutlauss sjóð sem ætlað er að styðja við virðisbætur til að ná fram neikvæðri kolefnislosun strax árið 2024. Með hlutasamningnum eru einnig lagðar til hliðar 12,8 milljónir danskra króna árið 2022, 13,8 milljónir danskra króna árið 2023, 13,8 milljónir danskra króna árið 2024 og 8,8 milljónir danskra króna árið 2025 sem verja á í undirbúning og skipulag ferlis fyrir pólitíska ákvörðun um staðsetningu 2 GW til viðbótar af hafvindorku, sem og útboð hvað það varðar.

Frá því sitjandi ríkisstjórn í Danmörku tók við hafa ákvarðanir verið teknar sem draga eiga úr losun um 9,6 milljónir tonna koldíoxíðsígilda. Að samningnum um grænni Danmörku meðtöldum vantar 9,4 milljónir tonna koldíoxíðsígilda upp á að ná 70 prósentu markmiðinu.

Finnland

Samkvæmt áætlun ríkisstjórnarinnar skal Finnland vera orðið kolefnishlutlaust í síðasta lagi árið 2035 og samtímis skal tryggja líffræðilega fjölbreytni. Stuttu eftir það skal losun koldíoxíðs vera orðin neikvæð. Þetta markmið er í samræmi við markmið um að takmarka hækkun hitastigs á heimsvísu við 1,5 gráður. Til að ná þessu markmiði er í gangi vinna við breytingu á lögum um loftslagsmál svo þau innihaldi markmið fyrir árin 2030 og 2040 og nýtt markmið fyrir árið 2050. Jafnframt skulu lög framvegis einnig ná til landnýtingar og innihalda markmið um að efla kolefnisviðtaka. Í byrjun mars 2022 verður ríkisstjórnarfrumvarp um ný lög um loftslagsmál lagt fyrir finnska þingið.

Á fjárlögum ársins 2022 er að finna ýmsar stuðnings- og skattaáðgerðir sem ætlað er að flýta fyrir grænum umskiptum eftir kórónukrísuna, til að mynda á sviði orkumála og samgangna. Umboð til fjárveitinga vegna stuðnings við orkumál hækkar um 453 milljónir evra og 33,9 milljónum evra eru eyrnamerkta því að lítil hús og sveitarfélög geti horfið frá olíuhitun á árinu 2022. 75 milljóna evra framlag er ætlað til framkvæmdar á áætlun um jarðefnaeldsneytisláusar samgöngur. 10 milljónum evra verður varið í að koma upp innviðum til hleðslu á rafbílum við íbúðarhúsnæði og vinnustaði.

Hluti af loftslagfjárfestingunum eru liður í [áætlun Finnlands um endurheimt og viðnámsþol](#) sem fjármögnuð er með 2,1 milljarða evra framlagi úr styrkjakerfi ESB. Finnland áætlar að 50 prósent fari í loftslagsáðgerðir og 27 prósent í stafræn umskipti. Fjármagnið verður til dæmis notað til að ýta undir hreina raforkuframléiðslu, lausnir í tengslum við hringrásarhagkerfið fyrir iðnað, nýja tækni og vinnulag í byggingariðnaði, útskipti á olíuhitun, hleðsluinnviði fyrir rafbíla og náttúrumiðaðar lausnir.

Þinginu er gerð er grein fyrir þróun mála varðandi losun koldíoxíðs, framkvæmd loftslagsstefnunnar og uppfyllingu markmiða með árlegri loftslagsársskýrslu. Í ársskýrslunni er jafnframt lagt mat á framkvæmd loftslagsaðlögunarinnar. Áðgerðirnar og almenn þróun á koldíoxíðslosun er metin með tilliti til markmiðs ríkisstjórnarinnar um kolefnishlutleysi 2035 og markmið um losun árið 2030.

Álandseyjar

Landsstjórnin hefur sett sér markmið og stefnu varðandi vinnu að sjálfbærni og loftslagsmálum og minnkun á koldíoxíðslosun. Nefna má að 350 þúsund evrum er veitt til aðgengisaðlögunar og loftslagsvænna áðgerða sem landsstjórnin veitir til Álandseyja og þar af eru 75 þúsund evrur eyrnamerkta hleðslustöðvum fyrir rafbíla.

Einnig er lagt til að 250 þúsund evrum verði varið í að rafvæða línuferjuna á Embarundslínunni með raforku frá fasta raforkukerfinu í samræmi við önnur viðbótarfjárlög fyrir árið 2021.

Breytingin stuðlar að heimsmarkmiðs 6 ásamt loftslagsmarkmiði ESB með því að draga úr orkunotkun og losun.

Svíþjóð

Árið 2017 var samþykktur rammi um loftslagsstefnu Svíþjóðar. Ramminn samanstendur af loftslagslögum, loftslagsmarkmiðum og loftslagsstefnuráði. Langtímamarkmiðið felur í sér að Svíþjóð skuli í síðasta lagi árið 2045 hafa enga nettólosun gróðurhúsalofttegunda út í andrúmsloftið og þaðan í frá neikvæða losun. Markmiðið felur í sér að losun gróðurhúsalofttegunda á sænskum landsvæðum skuli verða a.m.k. 85% minni árið 2045 samanborið við 1990. Loftslagsmálin eru eitt af þeim þremur málefnasviðum sem ríkisstjórnin leggur mesta áherslu á.

Samkvæmt loftslagslögum á ríkisstjórnin að kynna greinargerð um loftslagsmál árlega í tengslum við fjárlagafrumvarp (sjá fylgiskjal [utgiftsomrade-20-allman-miljo--och-naturvard.pdf](#) ([regeringen.se](#))). Greinargerðin auðveldar eftirfylgni og mat á uppsöfnuðum loftslagsáhrifum á öllum sviðum og inniheldur lýsingu á þróun losunar með tilliti til markmiða til bæði langs og skamms tíma. Greinargerðin inniheldur lýsingu á helstu ákvörðunum á árinu og áhrifum þeirra á þróun losunar

gróðurhúsalofttegunda ásamt mati á því hvort frekari aðgerða sé þörf. Grundvallarútgangspunktur loftslagslaganna er að markmið í loftslagsstefnu og fjármálastefnu vinni hvert með öðru. Í fjárhagsáætlun er grein gerð fyrir breytingum í tengslum við loftslagsmál (sjá [Budgetpropositionen för 2022 \(regeringen.se\)](#), bls. 9–12).

Í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2022 ([Budgetpropositionen för 2022 \(regeringen.se\)](#)) eru kynntar margar aðgerðir í þágu loftslagsins, jafnt stjórnþæki sem aðgerðir til að draga úr losun og í tengslum við loftslagsaðlögun. Þingið hefur samþykkt fjárlagafrumvarpið fyrir árið 2022. Útgjaldasvið 20 „Almenn umhverfis- og náttúruvernd“ ([utgiftsomrade-20-allman-miljo--och-naturvard.pdf \(regeringen.se\)](#)) inniheldur fjárveitingar til bæði loftslags- og umhverfismála. Í fjárlagafrumvarpinu 2022 er um það bil 21 milljarði sænskra króna varið til útgjaldasviðsins. Aðgerðir á árinu felast meðal annars í stuðningi við loftslagsfjárfestingar í heimabyggð, loftslagsívilnun til bíla sem hafa lítil loftslagsáhrif, stuðningi við innleiðingu rafknúinna strætisvagna, umhverfisvænna flutningabifreiða, rafknúinna vinnuvéla og umhverfisvinnuvéla, fjárveitingu til iðnaðarins vegna forkannana, rannsóknar-, tilrauna- og sýniverkefna í tengslum við loftslagsumskipti.

Tvinna á loftslagsstefnuna inn í öll viðeigandi málefnasvið. Loftslagsaðgerðir eru því einnig að finna á öðrum sviðum ríkisfjárlaganna. Til að mynda er með ýmsum hætti komið inn á loftslagsvænar aðgerðir á útgjaldasviðinu fyrir orkumál. Þar er meðal annars að finna aðgerðir í tengslum við orkurannsóknir. Í fjárlagafrumvarpinu 2022 er einnig að finna fjárveitingar til að koma í veg fyrir loftslagstengd náttúruslys (rúmlega 500 milljónir sænskra króna).

Ísland

Samkvæmt samkomulagi við ESB eru Ísland og Noregur með sameiginleg markmið um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um 55% á árunum 2021–2030. Í fjármálaáætlun fyrir tímabilið [2022–2026](#) er sett fram stefna ríkisstjórnarinnar um að leggja til aukið fé, 1 milljarð króna á ári fram til ársins 2031, til að uppfylla ný markmið Íslands. Árið 2022 voru heildarútgjöld 13,4 milljarðar íslenskra króna. Útgjöldin skiptast í bein framlög til loftslagsaðgerða, framlög vegna breyttra ferðavenja og samdrátt í tekjum ríkissjóðs vegna skattaívilnana í tengslum við loftslagsaðgerðir. Bein framlög fara að miklu leyti til aðgerða í aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum ([Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum - Aðgerðir íslenskra stjórnvalda til að stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda til 2030 \(stjornarradid.is\)](#)) þar sem stærstu útgjaldaliðirnir eru orkuskipti í samgöngum og betri landnýting. Aukin framlög renna til loftslagsaðgerða í flokkunum náttúrumiðaðar lausnir, orkuskipti, almenningsamgöngur og innviðir, og landbúnaður.

Það er flókið að fjalla um útgjöld til loftslagsmála þar sem loftslagsaðgerðir fara fram í ólíkum tímum samfélagsins og útgjöldin eru með mismunandi sniði. Ísland hefur fylgst með vinnu annarra landa og vill fá betri yfirsýn yfir útgjöld til loftslagsmála og betri tengingu niðurstaðna aðgerða, skilja á milli beinna og óbeinna útgjalda og greina á milli aðgerða í þágu minni losunar og aukinnar kolefnisbindingar annars vegar og aðlögunar að loftslagsbreytingum hins vegar.

Noregur

Í stjórnarsáttmála Støre-stjórnarinnar, „Hurdalsplattformen“, er tryggt að ríkisstjórnin muni draga úr losun í Noregi um 55 prósent árið 2030 samanborið við 1990. Losunarmarkmiðið nær til efnahagsins í heild, einnig kvótaskyldra atvinnugreina. Í loftslagsáætlun fyrir 2021–2030 (Meld. St. 13 (2020–2021)

eru teiknaðar upp ýmsar leiðir og aðgerðir til að draga úr losun, þ. á m. stigvaxandi hækkun koldíoxíðsgjalds fyrir losun utan kvótaskyldu upp á 2000 norskar krónur árið 2030, á verðlagi ársins 2021. Aðgerðirnar í Meld. St. 13 geta stuðlað að því að draga úr losun um 20,5 milljónir tonna koldíoxíðsígilda á tímabilinu. Í fjárlögum ársins 2022 var koldíoxíðsgjaldið hækkað um 28 prósent umfram verðlagsaðlögun. Hækkunin er í takti við stigvaxandi hækkun koldíoxíðsgjaldsins. Almenn upphæð koldíoxíðsgjaldsins er ákvörðuð 766 norskar krónur á hvert koldíoxíðsígildistonn í fjárlögum ársins 2022. Samtals var 8 milljörðum norskra króna úthlutað til loftslags og umhverfismála í fjárlögum ársins 2022.

Í árlegum fjárhagsáætlunum (Prop. 1 S) er loftslags- og umhverfisluti sem sýnir helstu aðgerðir ríkisstjórnarinnar í loftslags- og umhverfismálum. Vinna annarra ráðuneyta á sviði loftslags- og umhverfismála er einnig tekin saman í fjárlagafrumvarpinu. Fjármálaráðuneytið setur viðmiðunarreglur um hvernig ríkisstjórnin skuli gæta að þverlægum sviðum. Þar segir meðal annars, „Loftslags- og umhverfisluti fjárlagafrumvarpsins á að innihalda fjárveitingartillögur sem eru mikilvægar til þess að draga úr losun, stuðla að loftslagsaðlögun og/eða hafa marktæk jákvæð áhrif á umhverfið. Loftslags- og umhverfisvernd er á ábyrgð hvers málefnasviðs og því skulu ráðuneytin fjalla um hana í frumvörpum sínum þar sem það á við og þjónar tilgangi.“ Mikill hluti tillagnanna í loftslags- og umhverfislutanum lýtur að því að draga úr losun.

Samkvæmt norskum loftslagslögum á ríkisstjórnin árlega að gera grein fyrir því hvernig Noregur geti náð loftslagsmarkmiðum sínum ásamt lofslagsáhrifum ríkisfjárlaga í fjárlagafrumvarpi loftslags- og umhverfisráðuneytisins (Prop. 1 S). Sem liður í þessari greinargerð hefur verið þróuð aðferð við að greina og flokka hvaða þættir ríkisfjárlaganna hafa loftslagsáhrif, þ.e. hvaða fjárlagaliðir stuðla að losun. Einnig á að taka upp árlega bindandi áætlun um losun gróðurhúsalofttegunda sem á að vera hluti af hefðbundnum fjárlögum. Núverandi kolefnisáætlun Noregs á að leggja línurnar varðandi pólitískar aðgerðir og áherslumál. Í árlegum fjárlögum á að koma fram hvaða útgjaldaliðir og stjórnæki má búast við að hafi veruleg áhrif á losun í Noregi, loftslagsmarkmið og alþjóðlegar skuldbindingar. Úttekt er þegar hafin og ríkisstjórnin stefnir á að gera nánari grein fyrir þessu í tengslum við fjárlög fyrir árið 2023.

Með góðri kveðju,

Espen Barth Eide
loftslags- og umhverfisráðherra